

## REGLUR um breytingu á reglum nr. 569/2009 fyrir Háskóla Íslands.

1. gr.

Við upptalningu kennslugreina í 1. mgr. 94. gr. reglnanna, á eftir málsliðnum „Til MS-prófs í verkefnastjórnun“, bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Til MS-prófs í þjónustustjórnun.

2. gr.

Á eftir 1. málslið 3. mgr. 98. gr. reglnanna bætist við nýr málsliður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 52. gr. þessara reglna þreyta nemendur á vormisseri 3. námsárs í BS-námi engin skrifleg próf en verklegu námi lýkur 10. júní.

3. gr.

Í stað orðanna „orku- og umhverfistæknifræði“ í b-lið 1. mgr. og 1. málslið 6. mgr. 130. gr. reglnanna kemur: iðntæknifræði.

4. gr.

Í stað orðanna „orku- og umhverfistæknifræði“ í 3. málslið 1. mgr. 131. gr. reglnanna kemur: iðntæknifræði.

5. gr.

Reglur þessar, sem samþykktar hafa verið í háskólaráði Háskóla Íslands, eru settar í samræmi við lög nr. 85/2008 um opinbera háskóla og öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 6. febrúar 2017.*

**Jón Atli Benediktsson.**

*Þórður Kristinsson.*